

Leiðbeiningarnar eru til stuðnings vinnulýsingu um framleiðsluleyfi fyrir sérmarkaði ([VLY-047](#)).

### Kröfur fyrir lambakjöt

1. Bandarísk yfirvöld hafa gert úttekt á dýrasjúkdómastöðu Íslands og telja hana ásættanlega þannig að þau hafa heimilað innflutning á lambakjöti frá Íslandi til Bandaríkjanna.
2. Matvælastofnun þarf að tilnefna fyrirtæki sem hún ábyrgist að uppfylli bandarískar kröfur sem eiga við um lambakjöt. Sérgreinadýralæknir heilbrigðiseftirlits með búfjárafurðum annast samskipti við bandarísk yfirvöld og veitir nánari upplýsingar um bandarískar kröfur.
3. Íslensk sláturhús þurfa að vera skráð hjá viðkomandi yfirvöldum í Bandaríkjunum.
4. Íslensk yfirvöld skulu tilkynna bandarískum yfirvöldum fyrirfram nafn, heimilisfang, samþykkisnúmer og afköst viðkomandi sláturhúsa. Íslensk yfirvöld skulu hafa reglubundið eftirlit með þessum sláturhúsum og strax tilkynna bandarískum yfirvöldum ef þau uppfylla ekki lengur kröfur og hætta þá að senda frá þeim afurðir til Bandaríkjanna.
5. Uppfylla þarf almennar kröfur um hollustuhætti og um heilbrigðissskoðun á sláturdýrum og afurðum og bandarískar sérkröfur.
6. Bandarísk yfirvöld áskilja sér rétt til að gera úttekt á sláturhúsum á Íslandi og sem leyfi hafa til útflutnings til Bandaríkjanna.
7. Öllum sendingum til Bandaríkjanna þarf að fylgja opinbert heilbrigðisvottorð.

### Umsóknar- og tilkynningarferli

- a. Fyrirtæki sækir um útflutningsleyfi til Bandaríkjanna í Þjónustugátt MAST. Sjá <https://umsokn.mast.is/>
- b. Tilgreina þarf nákvæmlega starfseiningar (sláturhús, kjötpökkun, frystigeymsla, kjötvinnsla) og afurðir (dýra/ kjötttegund, kjöt/innyfli, unnar vörur o.s.frv.)
- c. Ábyrgðarmaður máls útbýr umsókn til bandarískra yfirvalda.
- d. Samþykki bandarísk yfirvöld sláturhúsið bætta þau henni á lista yfir viðurkennd íslensk fyrirtæki.
- e. Ábyrgðarmaður máls sér um að bæta starfsstöðinni inn á lista fyrir Bandaríkin undir [Sérleyfismarkaði](#) á heimasíðu Matvælastofnunar.

Ábyrgðarmaður máls tilkynnir starfsstöðinni að hún sé komin á lista í Bandaríkjunum yfir viðurkennd sláturhús.